

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Við miðlun og framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga leitar Arion banki allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir hönd viðskiptavinar.

Í þeim tilgangi hefur bankinn sett eftirfarandi stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, í samræmi við lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og reglugerð (ESB) 2017/565.

Það telst vera framkvæmd viðskiptafyrirmæla í skilningi þessarar stefnu þegar viðskiptavinur hefur veitt bankanum umboð til að gæta hagsmuna sinna og:

1. bankinn framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina vegna viðskipta með fjármálagerninga,
2. bankinn miðlar fyrirmælum viðskiptavina vegna viðskipta með fjármálagerninga til framkvæmdar hjá þriðja aðila,
3. bankinn annast eignastýringu fyrir hönd viðskiptavinar.

Þessi stefna gildir um viðskiptavinum sem bankinn hefur flokkað sem almenna fjárfesta eða fagfjárfesta. Stefnan gildir ekki um viðurkennda gagnaðila en bankinn mun starfa af sanngirni og fagmennsku gagnvart viðurkenndum gagnaðilum. Reglurnar gilda ekki þegar bankinn kemur fram sem mótaðili fyrir eigin reikning eða þegar umboðsskyldu er ekki fyrir að fara.

2. FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Almennir markaðsskilmálar fyrir verðbréfavíðskipti, eins og þeir eru á hverjum tíma, gilda um öll viðskipti með fjármálagerninga, nema samið hafi verið sérstaklega um annað.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla mun bankinn grípa til ráðstafana sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd þeirra með tilliti til annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuna bankans.

Arion banki áskilur sér rétt til að hafna framkvæmd viðskiptafyrirmæla, s.s. ef bankinn telur viðskiptin ekki hæfa viðkomandi viðskiptavin, ef fyrirmæli eru ófullnægjandi eða vegna gruns um markaðssvik. Arion banki þarf ekki að rökstyðja ákvörðun sína.

REKJANLEIKI VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Sérhver viðskiptafyrirmæli skulu veitt með sannanlegum hætti og vistuð í a.m.k. 5 ár. Ef um munnleg fyrirmæli er að ræða sem ekki eru hljóðrituð skal skjalfesta fyrirmælin og þær forsendur sem viðskiptavinur kann að hafa gert grein fyrir. Viðskiptavinur skal staðfesta hin skjalfestu fyrirmæli með sannanlegum hætti áður en fyrirmælin eru framkvæmd.

RÖÐ FYRIRMÆLA

Fyrirmæli skulu tafarlaust og nákvæmlega skráð og þeim beint í réttan farveg.

Fyrirmæli sem eru sambærileg að öðru leyti skulu afgreidd í þeirri röð sem þau berast, nema það sé ógerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirmælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða ef hagsmunir viðskiptavinarins krefjast þess.

SKILYRT FYRIRMÆLI

Skilyrtum fyrirmælum, sem ekki eru framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna, skal miðlað til viðskiptastaðar eins fljótt og mögulegt er, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað.

SAMSÖFNUN FYRIRMÆLA

Heimilt er að safna saman fyrirmælum fleiri viðskiptavina, þ.m.t. fyrirmæli vegna viðskipta bankans fyrir eigin reikning, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- ólíklegt verður að teljast að samsafn fyrirmæla og viðskipti muni í heild reynast óhagstæð nokkrum viðskiptavinum sem fyrirmæli sem setja á í safnið tilheyrja,
- sérhver viðskiptavinur sem á í hlut hefur verið upplýstur um að áhrif samsöfnunar geti reynst óhagstæð að því er varðar tiltekin fyrirmæli,
- úthlutun er fyrirfram ákveðin í samræmi við skýrt verklag þar að lútandi.

Viðskiptavinir skulu njóta forgangs fram yfir viðskipti bankans fyrir eigin reikning við úthlutun samsafnaðra fyrirmæla. Skal bankinn þannig ekki fá úthlutað viðskiptum, hafi hin samsöfnuð fyrirmæli einungis verið framkvæmd að hluta, nema unnt sé að sýna fram á að hlutdeild bankans í viðskiptunum hafi haft jákvæð áhrif á kjör annarra viðskiptavina.

UPPGJÖR

Bankinn skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningar eða fjármunir viðskiptavinar, sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd fyrirmæla, sé komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi viðskiptavinar.

3. BESTA FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga leitar bankinn allra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkna á að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem

máli skipta. Þegar um almennan fjárfesti er að ræða er heildargreiðsla, þ.e. verð fjármálagernings auk kostnaður vegna viðskiptanna/framkvæmdar (þ.m.t. þóknunir), almennt mikilvægasti þátturinn við mat á bestu framkvæmd. Bankinn mun láta aðra þætti hafa forgang fram yfir bein verð og kostnað en aðeins að því marki að þessi atriði eigi þátt í að koma til skila bestu mögulegu niðurstöðu að því er varðar heildarendurgjaldið til hins almenna fjárfestis.

Arion banki metur hlutfallslegt mikilvægi ofangreindra þátta út frá eftirfarandi viðmiðum:

- eiginleika viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir,
- eiginleika fyrirmæla viðskiptavinarins,
- eiginleika þeirra fjármálagerninga sem eru efni fyrirmælanna,
- eiginleika þeirra viðskiptastaða sem unnt er að beina fyrirmælunum til.

Út frá ofangreindu mati er ákveðið hvar og hvernig viðkomandi fyrirmæli skulu framkvæmd þannig að tryggt sé að það sé gert með þeim hætti sem að jafnaði veitir bestu mögulegu niðurstöðu.

Þegar viðskiptavinur gefur fyrirmæli um ákveðna framkvæmd, eða tiltekna þætti í framkvæmdinni, skulu slík fyrirmæli ganga framari mati bankans, að því er varðar þá þætti sem fyrirmæli viðskiptavinar taka til. Þegar Arion banki framkvæmir viðskipti í samræmi við fyrirmæli viðskiptavinar telst bankinn hafa veitt viðskiptavini bestu framkvæmd að því er varðar þá þætti sem fyrirmælin taka til. Óheimilt er að hvetja viðskiptavini til að veita fyrirmæli um aðra framkvæmd en bankinn telur að myndi tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

Þegar bankinn framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina utan viðskiptavettvangs skal hann kanna sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavininn með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð slíkra afurða og, þegar unnt er, gera samanburð við svipaðar eða sambærilegar afurðir.

4. VAL Á MÖRKUÐUM TIL AÐ FRAMKVÆMA FYRIRMÆLI

Bankinn er aðili að verðbréfamörkuðum á Íslandi, þ.e. Nasdaq OMX Iceland og First North. Þá kann bankinn að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina með skráða fjármálagerninga utan viðskiptavettvanga, þ.m.t. á móti eigin reikning Arion banka, enda hafi viðskiptavinur samþykkt slíkt (almennt eða vegna viðkomandi viðskipta) og það sé talið leiða til bestu mögulegu niðurstöðu.

Ef fleiri en einn viðskiptastaður (þ.m.t. innmiðlarar) eru í samkeppni um að taka við tilboðum vegna skráðra fjármálagerninga, skal bankinn meta og bera saman árangur þessara aðila til að ákveða hvort óska skuli eftir aðild að tilteknum viðskiptastað, og eftir atvikum hvort segja skuli upp aðild að öðrum mörkuðum.

Í þeim tilvikum þar sem unnt er að framkvæma tiltekin fyrirmæli á fleiri en einum viðskiptastað, beinir bankinn, við val a viðskiptastað, fyrirmælum til þess viðskiptastaðar sem að jafnaði leiðir til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn, með tilliti til þeirra viðmiða sem fjallað er um í 3. gr. Athugið að hér kann einnig að koma til skoðunar hvort það muni leiða til betri niðurstöðu fyrir viðskiptavin að miðla fyrirmælum til þriðja aðila til framkvæmdar, s.s. ef þriðji aðili er aðili að viðskiptastað sem bankinn er ekki aðili að.

Hér að neðan eru taldir upp viðskiptastaðir sem bankinn reiðir sig einkum á þegar hann leitar allra skynsamra leiða til að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina er varða skráða fjármálagerninga.

Fjármálagerningar	Viðskiptastaðir	Tegund
Hlutabréf	Nasdaq OMX Iceland	Skipulegur markaður
	First North Iceland	Markaðstorg fjármálagerninga
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl	Nasdaq OMX Iceland	Skipulegur markaður

Eðli málsins samkvæmt er enginn formbundinn viðskiptastaður með óskráða fjármálagerninga og eiga því viðskipti með slíka fjármálagerninga sér ávallt stað utan viðskiptastaða.

6. UPPLÝSINGAGJÖF

Viðskiptavinir skulu fá með góðum fyrirvara viðeigandi upplýsingar um reglur þessar á vefsíðu bankans að viðeigandi skilyrðum uppfylltum, og samþykki þeirra aflað áður en fyrirmæli eru framkvæmd. Þar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir hlutfallslegt mikilvægi þeirra þátta sem er fjallað um í 3. gr. eða þá aðferð sem bankinn beitir til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þessara þátta,
- skrá yfir þá viðskiptastaði sem bankinn reiðir sig einkum á til þess að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina,
- skýr og áberandi viðvörðun um að hvers kyns sérstök fyrirmæli frá viðskiptavini kunni að hindra það að bankinn geti fylgt verklagi sínu til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd þessara fyrirmæla að því er varðar þá þætti sem hin sérstöku fyrirmæli ná til,

Viðskiptavinir skulu upplýstir um verulegar efnislegar breytingar sem gerðar eru á þessari stefnu að því er varðar framkvæmd viðskiptafyrirmæla, m.t.t. þeirra upplýsinga sem áður hafa verið veittar. Þetta skal gert með birtingu á heimasíðu bankans, auk þess að senda á varanlegum miðli til viðskiptavina sem ekki hafa samþykkt sérstaklega að upplýsingar séu veittar á heimasíðu.

Viðskiptavinur á ávallt rétt á upplýsingum um stöðu fyrirmæla, ef hann fer fram á slíkt. Viðskiptavini skal tafarlaust veittar þýðingarmiklar upplýsingar varðandi framkvæmd fyrirmæla á varanlegum miðli. Ef í ljós koma vandkvæði við að framkvæma fyrirmæli almenns fjárfestis skal tilkynna viðkomandi viðskiptavin um leið og slík vandkvæði koma í ljós.

Arion banki skal sýna fram á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd í samræmi við reglur þessar, sé þess óskað. Við mat á því hvort hvort bankinn hafi uppfyllt skyldu sína með tilliti til bestu framkvæmdar skal taka tillit til aðstæðna á þeim tíma þegar fyrirmæli voru veitt og eðli fjármálagerninga. Gæði framkvæmdar eru ekki metin út frá einstökum viðskiptum heldur heildarmati á framkvæmd sambærilegra viðskipta yfir lengra tímabil. Með öðrum orðum, bankinn ábyrgist að verklag við framkvæmd fyrirmæla leiði að jafnaði til bestu mögulegu niðurstöðu.

Arion banki skal birta á heimasíðu bankans, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit um fimm helstu viðskiptastaði með tilliti til umfangs viðskipta síðastliðið ár og upplýsingar um gæði framkvæmdar. Yfirlitið skal uppfært árlega.

Að fenginni réttmætri beiðni þar um frá viðskiptavini skulu verðbréfafyrirtæki veita viðskiptavinum sínum eða hugsanlegum viðskiptavinum upplýsingar um þá aðila sem fyrirmæli eru send til eða lögð fram hjá til framkvæmdar.

Almennum fjárfestum skal send kvittun til staðfestingar á framkvæmd fyrirmæla eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir framkvæmdina eða eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila, nema viðskiptavinur fái slíka staðfestingu frá öðrum aðila. Ef um er að ræða áskrift í sjóði er þó óskýlt að senda kvittun fyrir sérhverjum reglulegum viðskiptum, ef viðskiptavin er sent yfirlit á a.m.k. 6 mánaða fresti.

Þá skal viðskiptavinum sent yfirlit a.m.k. einu sinni á ári um eignastöðu á verðbréfasafni ásamt yfirliti um hreyfingar sem átt hafa sér stað á tímabilinu.

7. EFTIRLIT

Markaðsviðskipti skulu viðhafa reglulegt innra eftirlit og fylgjast með skilvirkni reglnanna í framkvæmd, til að geta greint galla og gert endurbætur ef tilefni er til. Eftirlitið er þrjúþætt:

1. eftirlit með því að viðskipti séu framkvæmd í samræmi við þessar reglur,
2. eftirlit með gæðum framkvæmdar þegar fyrirmælum er miðlað til þriðja aðila,
3. almennt eftirlit með því hvort unnt sé að bæta framkvæmd þannig að viðskiptavinir fái að jafnaði betri niðurstöðu.

Markaðir skal viðhafa reglulegt eftirlit með skilvirkni þessarar stefnu og með gæðum framkvæmdar þegar viðskiptafyrirmælum er miðlað til þriðja aðila. Ef þörf er á skal leita ráða til úrbóta á hvers konar annmörkum í þessum efnunum.

Þá skal regluvarsla viðhafa reglulegt eftirlit og fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni þessara reglna, kalla eftir úrbótum eftir því sem tilefni er til og veita almenna ráðgjöf og fræðslu um skyldur starfsmanna samkvæmt þessum reglum.

8. ENDURSKOÐUN, BIRTING OG GILDISTAKA

Þessar reglur skal endurskoða a.m.k. árlega og jafnframt ef veruleg breyting á sér stað sem hefur áhrif á getu bankans til að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Við endurskoðun skal m.a. skoða hvaða viðskiptastaði og þriðju aðila bankinn notast einkum við til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu við miðlun og framkvæmd fyrirmæla, og hvort unnt sé að bæta verklag bankans að öðru leyti þannig, m.a. að gera breytingar á vægi viðmiða um bestu framkvæmd, til að uppfylla kröfuna um bestu framkvæmd.

Veruleg breyting merkir mikilvægur atburður sem gæti haft áhrif á viðmið um bestu framkvæmd, s.s. kostnað, verð, hraða, líkur á framkvæmd og uppgjöri, stærð, eðli eða aðra þætti sem skipta máli fyrir framkvæmd fyrirmælanna.

Við endurskoðun reglnanna skal horfa sérstaklega til niðurstöðu reglulegs eftirlits. Framkvæmd og niðurstöður endurskoðunarinnar skulu skjalfestar sérstaklega.

Viðskiptavinir skulu upplýstir um verulegar efnislegar breytingar sem gerðar eru á reglum þessum að því er varðar framkvæmd viðskiptafyrirmæla.